



Ef þú seldir hlutabréf á síðasta ári verður þú að færa upplýsingar um sölu þeirra á hlutabréfablað RSK 3.19.

1 Hvar finn ég upplýsingar um sölu?

Þú ættir að eiga gögn um sölu. Best er að hafa þau við hendina.

Upplýsingar um nafnverð og söluverð kunna að vera neðst á sundurliðunarblaði.

Upplýsingar um hlutabréfin þín kunna að vera á fleiri en einum stað á **sundurliðunarblaðinu** og því er mikilvægt að finna viðeigandi upplýsingar.

Íslensk hlutabréf - Sala

Kaupandi	Sölu dagur	Nafnverð	Gengi	Söluverð
Svanhvít Sæmundsdóttir Sildarbassi hf.	590169-3079	05.07.202X	210.000	5,7000 1.197.000

Ekki er öruggt að upplýsingar á sundurliðunarblaðinu séu réttar og því er góð regla að bera þær saman við gögn sem þú átt um sölu.

Ef engin gögn eru til staðar og upplýsingar eru ekki á sundurliðunarblaðinu eru nokkrar leiðir til að afla upplýsinga.

- Upplýsingar um kaup á hlutabréfum sem eru rafrænt skráð er hægt að nálgast í heimabanka.
- Upplýsingar um nafnverð hlutabréfaeignar og þær breytingar sem urðu á nafnverði árinu ætti að vera hægt að nálgast hjá viðkomandi félagi.
- Væntanlega eru innborganir í heimabankanum sem sýna söluverð.

Upphafssíða
Framtal 202X
1.01 Forsíða
1.01 Tekjusiða Helga
1.01 Tekjusiða Svanhvít
1.01 Fjármagnstekjur
1.01 Eignir og skuldir
Prentvæn útgáfa
Sundurliðunarblað
Afrit af framtali 202X
Fylgiskjöl Helgi
Fylgiskjöl Svanhvít
Sameiginleg fylgiskjöl
Rekstrarblöð Helgi
Rekstrarblöð Svanhvít
Fyrir bændur
Leiðbeiningar
Vista/geyma framtalið
Villuprófun

2 Hvernig skrái ég sölu hlutabréfa?

Þar sem upplýsingar um sölu hlutabréfa eru ekki áritaðar á hlutabréfablað RSK 3.19, verður að færa upplýsingarnar þar inn.

1. Fyrst þarf að opna hlutabréfablaðið. Það er undir „Sameiginleg fylgiskjöl“ ef þú skilar framtali með maka, en annars undir „Fylgiskjöl“.

2. Næst er smellt á bláa hnappinn fyrir aftan kennitölu félagsins. Í skráningarmyndunum sem þá opnast er gerð grein fyrir breytingum á hlutabréfaeign á síðasta ári, arði og staðgreiðslu af honum.

1 - Almenn hlutabréf

Almennar upplýsingar	
1 Kennitala hlutafélags	2 Nafn hlutafélags
410109-1230	H & L hf.
421273-0429	Sildarbassi hf.
» Ný lína Samtals	

3 Hlutabréfablaðið fyrir og eftir skráningu sölunnar

Hlutabréfablaðið **áður** en búið er að gera grein fyrir sölu bréfa

Almennar upplýsingar		Hlutabréfaeign í upphafi árs		Kaup		Breyting		Sala				Arður og staðgreiðsla		Hlutabréfaeign í árslok	
1 Kennitala hlutafélags	2 Nafn hlutafélags	3 Nafnverð	4 Stofnverð (kaupverð)	5 Nafnverð keyptra hlutabréfa	6 Kaupverð	7 Breyting á nafnverði	8 Breyting á kaupverði	9 Söluverð	10 Nafnverð seldra hlutabréfa	11 Stofnverð seldra hlutabréfa	12 Söluhagnaður/sölutap	13 Arður	14 Staðgreiðsla af arði	15 Nafnverð	16 Kaupverð (stofnverð)
410109-1230	H&L hf.	100.000	100.000									10.000	2.200	100.000	100.000
421273-0429	Sildarbassi hf.	630.000	1.603.929											630.000	1.603.929
» Ný lína Samtals		730.000	1.703.929									10.000	2.200	730.000	1.703.929

Hlutabréfablaðið **eftir** að búið er að gera grein fyrir sölu

Almennar upplýsingar		Hlutabréfaeign í upphafi árs		Kaup		Breyting		Sala				Arður og staðgreiðsla		Hlutabréfaeign í árslok	
1 Kennitala hlutafélags	2 Nafn hlutafélags	3 Nafnverð	4 Stofnverð (kaupverð)	5 Nafnverð keyptra hlutabréfa	6 Kaupverð	7 Breyting á nafnverði	8 Breyting á kaupverði	9 Söluverð	10 Nafnverð seldra hlutabréfa	11 Stofnverð seldra hlutabréfa	12 Söluhagnaður/sölutap	13 Arður	14 Staðgreiðsla af arði	15 Nafnverð	16 Kaupverð (stofnverð)
410109-1230	H & L hf.	100.000	100.000									10.000	2.200	100.000	100.000
421273-0429	Sildarbassi hf.	630.000	1.603.929					1.197.000	210.000	534.643	662.357			420.000	1.069.286
» Ný lína Samtals		730.000	1.703.929					1.197.000	210.000	534.643	662.357	10.000	2.200	520.000	1.169.286

Stofnverð seldra hlutabréfa og söluhagnaður reiknast sjálfkrafa

3. Upplýsingar um sölu eru færðar í þrep 2 af 3 „Sala hlutabréfa og aðrar breytingar til lækkunar á árinu“.

Sala hlutabréfa og aðrar breytingar til lækkunar á árinu 202X

Kennitala félags 4212730429

Nafn félags Sildarbassi hf.

Hlutabréf seld í félaginu á árinu 202X

Dagsetning	Kennitala kaupanda	Nafnverð	Söluverð
05.07.202X	5901693079	210.000	1.197.000

Aðrar breytingar til lækkunar á árinu 202X

Hvaða breyting? Kennitala Lækkun nafnverðs Hækkun kaupverðs

Ef ekki er um að ræða sölu hlutabréfa eða aðrar breytingar til lækkunar í þessu félagi á árinu, þarf ekki að fylla þennan kafla út.

Hér sérðu á hvaða þrepi þú ert.

Færa ber inn upplýsingar um dagsetningu sölu, kennitölu kaupanda, nafnverð seldra hluta og söluverð í viðeigandi reiti.

Ef hlutabréf í félaginu vor seld oftár en einu sinni í á síðasta ári á að setja inn upplýsingar um hverja sölu fyrir sig í sér línu. Smellt er á hnappinn „Ný lína“ til að fjölga línum.

4. Að lokum er smellt á hnappinn „Áfram“ til að komast aftur á hlutabréfablaðið sjálft. Ekki er þörf á að fylla neitt út í þrepum 1 og 3 (er stundum þrep 2 og 4) nema hlutabréf hafi einnig verið keypt í félaginu á síðasta ári eða greiddur hafi verið út arður.